



# Umsókn um aðgang innheimtufyrirtækis að innheimtucröfum

Landsbankinn hf. | Netbanki fyrirtækja

Heiti kröfuhafa (fyrirtækis/félags)			Kennitala kröfuhafa
Lögheimili	Póstnúmer	Staður	Símanúmer
Fullt nafn tengiliðs		Staða tengiliðs	Kennitala tengiliðs
Netfang tengiliðs		Símanúmer / GSM	
Heiti innheimtufyrirtækis			Kennitala innheimtufyrirtækis
Lögheimili	Póstnúmer	Staður	Símanúmer

Kröfuhafi óskar hér með eftir því að ofangreindu innheimtufyrirtæki verði veittur aðgangur að innheimtucröfum kröfuhafa sem auðkenna skal samkvæmt neðangreindu. Kröfuhafi veitir innheimtufyrirtækinu jafnframt fullt og ótakmarkað umboð til þess að gera breytingar á stillingum neðangreindra innheimtuauðkenna innheimtukrafna fyrir sína hönd.

**Auðkenni:** \_\_\_\_\_

## Stillingar

### Grunnstillingar fruminnheimtu

- Kröfuhafi óskar eftir því að greiðslum verði ráðstafað inn á reikning nr. \_\_\_\_\_ (aðalráðstöfunarreikningur).
- Kröfuhafi óskar eftir því að kostnaður vegna innheimtupjónustu verði skuldfærður af reikningi nr. \_\_\_\_\_.
- Kröfuhafi óskar eftir því að Landsbankinn hf. hætti útsendingu innheimtuviaðvaranna.
- Kröfuhafi óskar eftir því að hætt verði að leggja innheimtupóknun/vanskilagjald á fruminnheimtu.
- Kröfuhafi óskar eftir því að kröfur flytjist í milliinnheimtu yfir til ofangreinds innheimtufyrirtækis \_\_\_\_\_ dögum eftir eindaga.
- Kröfuhafi óskar eftir því að stýra sjálfur hvaða kröfur fái MI merkingu.
- Kröfuhafi óskar eftir flutningi beingreiðslukrafna frá útibúi \_\_\_\_\_ hjá \_\_\_\_\_ yfir í útibú \_\_\_\_\_ hjá Landsbankanum.

### Aukaráðstöfun kröfugreiðslna í fruminnheimtu

Kröfuhafi óskar eftir því að:

- Öllum kostnaðarliðum verði ráðstafað inn á reikning nr. \_\_\_\_\_.
- Dráttarvöxtum verði ráðstafað inn á reikning nr. \_\_\_\_\_.
- Greiðslugjaldi verði ráðstafað inn á reikning nr. \_\_\_\_\_.
- Öðrum kostnaði (AKOS) verði ráðstafað inn á reikning nr. \_\_\_\_\_.
- Vanskilakostnaði verði ráðstafað inn á reikning nr. \_\_\_\_\_.
- Öðrum vanskilakostnaði (AVAN) verði ráðstafað inn á reikning nr. \_\_\_\_\_.

Sé enn afgangur af höfuðstól ráðstafast hann á aðalráðstöfunarreikning.

### Milliinnheimta

- Kröfuhafi óskar eftir því að greiðslum verði ráðstafað inn á reikning nr. \_\_\_\_\_.
- Kröfuhafi óskar eftir því að kostnaður vegna innheimtupjónustu verði skuldfærður af reikningi nr. \_\_\_\_\_.
- Kröfuhafi óskar eftir því að skráð verði samtímauppgjör og að greiðslum verði skipt þannig að kröfuhafi fái höfuðstól, vexti og kostnað greiddan beint inn á reikning nr. \_\_\_\_\_ og fái innheimtukostnað greiddan inn á reikning nr. \_\_\_\_\_. Þetta á við um kröfur eftir að þær fá MI merkingu.
- Stofna þarf kerfisnotanda fyrir ofangreint innheimtufyrirtæki með aðgang að innheimtupjónustu og B2B tengingu.
- Kröfuhafi óskar eftir því að ofangreint innheimtufyrirtæki fái sendar eldri kröfur til sín sem komnar eru fram yfir eindaga.

### Persónuvernd

Kröfuhafi ber ábyrgð á að fullnægjandi heimild sé til vinnslu og miðunar persónuupplýsinga til Landsbankans og að fullnægjandi fræðsla um vinnsluna hafi verið veitt skráðum einstaklingi. Kröfuhafi skal jafnframt benda skráðum einstaklingi á að kynna sér persónuverndarstefnu Landsbankans sem er að finna [www.landsbankinn.is/personuvernd](http://www.landsbankinn.is/personuvernd).

### Önnur fyrirmæli:

## Notkunarreglur og skilmálar

1. Um innheimtuþjónustu Landsbankans gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans, innheimtulög og reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.* Landsbankinn og kröfuhafi bera ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram hjá hvorum aðila fyrir sig og að vinnslan sé í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Kröfuhafi ber ábyrgð á lögmæti vinnslu innheimtufyrirtækis á persónuupplýsingum sem kunna að koma fram í innheimtukröfum sem miðlað er frá Landsbankanum til innheimtufyrirtækis á grundvelli umsóknar þessarar, þ.m.t. að fyrirbyggjandi sé heimild til vinnslu persónuupplýsinga, vinnslan sé nægileg, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar, fræðsla til skráðra einstaklinga sé fullnægjandi og gætt sé fyllsta öryggis við vinnsluna. Nánari upplýsingar um vinnslu Landsbankans á persónuupplýsingum má finna í persónuverndarstefnu Landsbankans á [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).
2. Með aðgangi samkvæmt umsókn þessari er innheimtufyrirtæki veittur ótakmarkaður aðgangur að innheimtukröfum kröfuhafa sem komnar eru í milliinnheimtu. Ef jafnframt á að veita innheimtufyrirtæki ótakmarkaðan aðgang að innheimtukröfum kröfuhafa sem eru í fruminnheimtu þarf að stofna aðgang fyrir innheimtufyrirtæki í netbanka kröfuhafa. Í þeim tilvikum lætur bankinn innheimtufyrirtæki í té notendanafn og lykilorð (leyniorð) fyrir netbanka kröfuhafa.
3. Landsbankinn áskilur sér rétt til að rjúfa þegar í stað einhliða og án fyrirvara aðgang innheimtufyrirtækis ef upp koma aðstæður sem, að mati Landsbankans, kalla á slíkar aðgerðir, s.s. öryggi er ábótavant, upp koma tilvik sem benda til misnotkunar eða tilraunar til misnotkunar á upplýsingum sem fengnar voru í netbanka kröfuhafa eða í innheimtukerfinu sjálfu eða upp koma atvik sem að mati Landsbankans geta skaðað orðspor bankans.
4. Gjöld fyrir innheimtuþjónustuna eru samkvæmt verðskrá Landsbankans eins og hún er hverju sinni og skal bankanum heimilt að skuldfæra fyrir þeim mánaðarlega af skuldfærslureikningi sem skráður er á hvert innheimtuauðkenni. Verðskrá Landsbankans er aðgengileg á vef bankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).
5. Umboð samkvæmt umsókn þessari til innheimtufyrirtækis gildir þar til það hefur verið afturkallað af framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða öðrum sem hafa heimild til að skuldbinda kröfuhafa samkvæmt hlutafélagaskrá RSK eða samþykktum/lögum hans. Afturköllun umboðsins skal berast Landsbankanum með sannanlegum hætti og skal hún ekki öðlast gildi fyrr en bankinn hefur staðfest móttöku hennar.
6. Með undirritun sinni á umsókn þessa staðfestir kröfuhafi að hafa undirritað samning við ofangreint innheimtufyrirtæki.
7. Með undirritun sinni á umsókn þessa samþykkir framkvæmdastjóri, prókúruhafi eða aðrir sem hafa heimild til að skuldbinda kröfuhafa samkvæmt hlutafélagaskrá RSK eða samþykktum/lögum hans stofnun eða breytingu á innheimtuþjónustu.
8. Með undirritun sinni á umsókn þessa staðfestir innheimtufyrirtækið að það hafi kynnt sér þær reglur sem gilda um innheimtuþjónustu Landsbankans og *Almennu viðskiptaskilmála Landsbankans*. Innheimtufyrirtækið staðfestir jafnframt að því sé kunnugt um þær skyldur sem hvíla á því vegna innheimtuþjónustu Landsbankans.

Til staðfestingar ofangreindu er skjal þetta undirritað með eiginhandarundirskrift eða undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Staður og dagsetning

F.h. kröfuhafa

F.h. innheimtufyrirtækis

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_